

Stofnanasamningur

Fasteignamats ríkisins og SFR samkvæmt kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 9. mars 2005

1. gr. – Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra sem starfa hjá Fasteignamati ríkisins og eru félagsmenn í SFR. Jafnframt fellur úr gildi fyrri stofnanasamningur aðila.

2. gr. - Markmið

Markmið stofnanasamningsins eru sem hér segir samanber 11. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra og SFR:

- að færa í hendur stofnunar og starfsmanna hennar útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins,
- styrkja starfsemi viðkomandi stofnunar þegar til lengri tíma er litið og skapa þannig forsendur fyrir betri starfsskilyrðum starfsmanna,
- færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana,
- efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað til þess að auka gæði opinberrar þjónustu,
- gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með að auka möguleika á bættum kjörum,
- bæta rekstrarskipulag stofnunar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi.

3. gr. – Röðun starfa

Röðun starfa í launaflokka frá 1. maí 2006 byggir á eftirfarandi grunnröðun starfa og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka eru fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Starfslýsingar verða ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa t.d. í tengslum við starfsmannasamtöl.

Skrifstofumenn

Starfsmenn sem sinna almennum skrifstofustörfum svo sem upplýsingamiðlun við viðskiptavinum og aðra starfsmenn stofnunarinnar, annast skráningu, úrvinnslu og frágang gagna og afgreiðslu og þjónustu af ýmsu tagi. Starfi í þessum starfaflokki er að lágmarki ráðað í launaflokk 13.

Sérfræðingar

Starfsmaður sem beitir sérhæfðri þekkingu og færni við lausn verkefna, meðal annars skráningu og/eða mati fasteigna og/eða viðfangsefnum stoðdeilda, og lýtur stjórn og ber ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni við framkvæmd þeirra. Starfi í þessum starfaflokki er að lágmarki ráðað í launaflokk 20.

Verkefnastjórar

Starfsmaður sem stýrir og ber ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni á framkvæmd og þróun verkefna er varða tiltekna þætti í starfi stofnunarinnar, verkferla og kerfa er verkefnið krefst, og tilheyrandi samskiptum og leiðbeiningum. Starfi í þessum starfaflokki er að lágmarki ráðað í launaflokk 25.

Stjórnendur

Starfsmenn sem stýra og bera ábyrgð á starfi og þróun starfsdeilda sem fara með tiltekna málaflokka innan stofnunarinnar eða annast þjónustu stofnunarinnar á tilteknu landsvæði. Starfi í þessum starfaflokki er að lágmarki raðað í launaflokk 30.

4. gr. – Launun umfram grunnröðun

Eftirgreindir þættir geta leitt til laununar starfsmanns umfram grunnröðun þess starfs sem hann gegnir samkvæmt 3. grein:

- viðbótarábyrgð í starfi,
- sérhæfð þekking,
- framúrskarandi afköst,
- sérstakt frumkvæði í starfi,
- viðvarandi þátttaka í þróun kerfa, ferla og verklags,
- sérstök hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum og til samskipta og samvinnu,
- starfsreynsla ýmist innan stofnunar eða í sambærilegum störfum,
- framtak starfsmanns við að afla sér símenntunar og þekkingar sem að gagni kemur í starfi, t.d. með starfstengdum námskeiðum eða í formlegu námi sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu.

5. gr. – Ýmis atriði

Um framkvæmd stofnanasamningsins fer samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR frá 9. mars 2005.

Reykjavík 8. maí 2006

F.h. SFR

F.h. Fasteignamats ríkisins

Sigurjón Aðalsteinsson
Aðalheiður L Gunter
Þórður Þorsteinsson

Haukur Ingibergsson
Steinarr Höskuldsson

Bókun

Í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 9. mars 2005 eru ákvæði í 1.1.6. grein um að heimilt sé að kostnaður við flutning yfir í nýja launatöflu 1. maí 2006 kosti allt að 2,4% og í 1.1.8. grein um að hinn 1. maí 2007 sé 2% hækkun launa vegna styrkingar/þróunar launakerfisins. Vegna bókunar 2 um jafnréttismál er auk þess gert ráð fyrir 1,2% hækkun launakostnaðar 1. maí 2006. Til að nýta að fullu þá möguleika sem samningurinn skapar til að styrkja, samræma og þróa launakerfið eru aðilar sammála um að allar framangreindar hækkunar, alls allt að 5,6%, komi til framkvæmda 1. maí 2006.

Samkomulag

Aðilar eru sammála um að framlengja stofnanasamning Fasteignamats ríkisins og SFR dags. 8. maí 2006 út samningstíma nógildandi kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR með eftirgreindum breytingum á 3. gr. samningsins:

Starfi í starfaflokki sérfræðingar er að lágmarki raðað í launaflokk 22.

Starfi í starfaflokki verkefnisstjórar er að lágmarki raðað í launaflokk 27.

Starfi í starfaflokki stjórnendur er að lágmarki raðað í launaflokk 32.

Reykjavík 16. mars 2007

F.h. SFR

Sigurjón Aðalsteinsson
Aðalheiður L Gunter
Þórður Þorsteinsson

F.h. Fasteignamats ríkisins

Haukur Ingibergsson
Steinarr Höskuldsson